

**Nr. 18-133 S 088 Lukka EA 777****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6494  
Útgerð: Nikolai Vakunov, Akureyri.  
Smíðaður: Trefja, 1983.  
Stærð: 3,16 bt. 4,56 brl.  
Mesta lengd: 6,99 m Skráð lengd: 6,36 m  
Breidd: 2,52 m Dýpt: 0,92 m  
Vél: Volvo Penta, 133,7 kw, 2016.  
Fjöldi skipverja: 1



Lukka©Nikolai Vakunov

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþróði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 18. júlí 2018 var Lukka EA 777 á strandveiðum á Húnaflóa. Veður: (Skagatá) NV 2-3 m/s.

Tilkynnt var um að báturinn væri vélarvana og óskað eftir aðstoð. Víðir EA 423 dró Lukku til hafnar á Skagaströnd.

**Við rannsókn kom fram:**

- að annar af tveimur rafgeymum fyrir ræsingu á vélinni var ónýtur (botnfallinn);
- að villuviðvörðun kom fram í stjórnborði og ekki var hægt að gangsetja vélina;
- að rafgeymirinn var aðeins ársgamall.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.